


AFSTÖÐUMYND 1:500

## Byggingarlýsing:

Staðgreinir: 13400150
Landnúmer: 202582

Lögð er inn teikning af sumarbústað við Sogsbakka í Grímsnes og Grafningshrepp á lóð nr. 15. Húsið er hugsað sem heilsárshús og er staðsett í miðju byggingarreits. Vegur liggur frá lóðarmörkum í suðri að austurhlið hússins, þar sem gert er ráð fyrir einu bílasstæði. Rotþró verður við norðaustur horn hússins, næst votrýmum þess. Húsið stendur á steyptum sökkli og steyptri botnplötu, en pallur á steyptum súlum.
Húsið er aðallega gert úr timbri, að undanskildum steyptum skorsteini og einum L löguðum vegg í stofu. Veggurinn er sjónsteyptur að utan, en einangraður að innan með 100mm einangrun og pússaður á hefðbundinn hátt.
Timburútveggir hússins eru gerðir úr 48x148mm timburstoðum klæddir að utan með 9mm vatnslímdum krossvið, utan á krossvið eru settar loftunar listar ca. 15mm þykkir og síðan vatnsklæðning. Veggir eru einangraðir 150mm steinull, utan á stoðir kemur rakasperra, lagnagrind og síðast innveggjaklæðing í 2. flokki.
Þak hússins er hefðbundið timburþak með sperrum úr 48x223mm heiltré, á sperrur kemur svo borðaklæðning, þakpappi og þakjárn. Einangrun þaks er 190mm steinull með loftbili milli borðaklæðningu og einangrunnar. Neðan á einangrun kemur rakasperra, lagnagrind og loftaklæðning.
Gluggar og hurðir eru úr smiðavið gerðir á hefðbundinn hátt, glerjað með tvöföldu einangrunargleri.
Innveggir eru 100mm hefðbundnir timburveggir. Hitun hússins er með gólfhita og er gólfhitakista staðsett í útigeymslu. Inntök rafmagns eru staðsett á gangi.
Timburpallur er á öllum hliðum hússins að undanskildu norðaustur horni þess.
Staðsetning handslökkvitækis (hsl.), reykskynjara og rýmingarleiða eru sýndar á grunnmynd aðaluppdrátta.

| ÚTG. | DAGS. | BREYTINGAR |
|---|---|---|
| - | - | - |




## SOGSBAKKI-LÓÐ 15
## GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHR.

SUMARHÚS

AÐALUPPDRÆTTIR
AFSTÖÐUMYND

| | |
|---|---|
| VERKNR: | 06-007 |
| KVARÐI: | 1:500 |
| DAGS: | 25.08.2006 |
| TEIKN: | ES/VH |
| TEIKN.NR.: | 20.001 |

ÚTGÁFA Í GILDI: -

funkis arkitektar
Teiknistofa Þingholtsstræti 27 101 Reykjavík
Sími : 552 64 40 email : funkis@funk.is
Anna Kr. Hjartardóttir arkitekt faí kt:150964-5989
Ari Már Lúðvíksson arkitekt faí kt:060958-6459
Ómar Sigurbergsson inn.ark. fhi kt:260958-4969